

Hafnarfirði 19. nóvember 2018.

**Svör við erindi:**

**1. Bæta lýsingu á göngustígum að skólanum.**

Búið er að lýsa upp Grísanesstíginn og síðasta föstudag var lýsing sett upp frá Klukkuvöllum að skólanum.

**2. Bæta lýsingu á skólalóð.**

Verktakinn, það er Eykt mun bæta við lömpum sem festir verða á húsið til að bæta lýsinguna á skólalóð, þá eru þeir að fara í gegnum lýsingarforritunina og dreifingu á ljósum á allri lóðinni.

**3. Bæta lýsingu á akvegi inn í hverfið og að skólanum.**

Búið er að kveikja á gatnalýsingu að skólanum en verið er að vinna í bilunum þannig að gatnalýsing sé virk í öllu hverfinu

**4. Sjá til þess að söltun og mokstur á gangstígum að skólanum verði tryggð frá fyrsta degi.**

Skarðshlíðarskóli er kominn í sömu rútinu og aðrir skólar bæjarins, m.t.t. söltun og mokstur á göngustígum.

**5. Sjá til þess að söltun og mokstur á akvegi að skólanum verði tryggð frá fyrsta degi.**

Skarðshlíðarskóli er kominn í sömu rútinu og aðrir skólar bæjarins, m.t.t. söltun og mokstur á götum.

**6. Gera þarf úrbætur á svæði þar sem hjólagrindur eru sem varna því að bílar geti ekið eða runnið inn á svæðið.**

Verktakinn er að skoða með Hafnarfjarðarbæ, ákeyrsluvarnir, en við endann á sleppistæði (milli hjólagrinda og sleppistæðis) er aðkoma slökkviliðs og því ekki ákjósanlegt að vera að setja upp blokkeringu á slökkviliðið. Verið er að skoða lausnir.

**7. Bæta þarf merkingar, á og við skólalóð. Sérstaklega við sleppistæði.**

Merkingar verða lagaðar.

**8. Kanna þarf hvort hægt sé að stækka sleppistæðið. Það rúmar aðeins fjórar bifreiðar.**

Verið er að skoða hvort fjölga megi sleppistæðum.

**9. Útbúa þarf biðstæði fyrir rútu sem flytur nemendur í sund og íþróttir, ótækt að rúta teppi sleppistæði þegar nemendur mæta í skóla.**

Skoða þarf sleppistæðið fyrir rútu sérstaklega næstu tvö ár með skólastjóra, en varðandi framtíðina þá er væntanlega bara flutningur í rútum á börnunum í sund, þegar íþróttarhúsið verður tekið í notkun og því verður þessi rútu starfssemi að minnsta kosti helminguð.

Virðingarfyllt

Sigurður Haraldsson